



VESTURBYGGÐ

# Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 19.12.2017  
1712011 ÁS

Efni: Byggðakvóti 2017-2018, sérreglur Vesturbyggðar.

Á 824. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar var bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis dags. 21.11.2017 tekið fyrir.

Eftirfarandi var bókað:

*Magnús Jónsson, Ásthildur Sturludóttir og Gerður B. Sveinsdóttir véku af fundi undir þessum dagskrálið. Halldór Traustason tók sæti Gerðar sem varamaður í bæjarráði við afgreiðslu þessa liðar.*

*Lagt fram bréf dags. 21. nóv. sl. frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu vegna umsóknar um byggðakvóta fiskveiðíársins 2017 til 2018.*

*Lögð fram til kynningar bókun frá 18. fundi atvinnu- og menningarráðs frá 1. desember sl. undir 1. tölul. dagskrár þar sem ráðið leggur til „að úthlutun á byggðakvóta til Patreksfjarðar, Bildudals og Brjánslækjar að farið verði eftir fyrirmund að almennum reglum sem gilda um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í sveitarfélagini fiskveiðíárið 2017/2018. En þó með þeiri undantekningu að gert verði ráð fyrir að afli verði unninn innan sveitarfélagsins í stað byggðarlags þar sem við á.“*

*Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkir samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Vesturbyggð (Patreksfjörður, Bildudalur og Brjánslækur) að farið verði eftir reglugerð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nr. 604/2017 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2017-2018 með eftirfarandi breytingum:*

*1. ákvæði. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:*

*Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskigildisstuðla, í*



VESTURBYGGÐ

# Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.


2. ákvæði. 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarféluginu af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

3. ákvæði. 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Bæjarstjóra falið að senda atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu bókun bæjarráðs.



Virðingarfyllst,  
Asthildur Sturludóttir  
Bæjarstjóri